

Heilbrigðisáætlun til ársins 2010

Guðjón Axelsson, tannlæknir


Sigrún Helgadóttir, reiknifræðingur

Elin Sigurgeirsdóttir, tannlæknir

Alþingi
Erindi nr. P 131/1293
komudagur 13.4.2005

Heilbrigðisáætlun til ársins 2010 var samþykkt á Alþingi 20. maí 2001. Meðal forgangsverkefna heilbrigðisáætlunar var 1) tíðni tannskemmda (DMF) 12 ára barna lækkað í 1,0; 2) yfir 50% fólks 65 ára og eldra hafi a.m.k. 20 tennur í biti.

DMFT 12 ára barna var 6,6 1986, 3,4 1991 og 1,5 1996 (1). Hafi DMFT haldið áfram að lækka er ekki ólíklegt að fyrra markmið heilbrigðisáætlunar hafi náðst þegar árið 2001 (mynd 1).




Mynd 1. DMFT 12 ára barna 1986, 1991 og 1996 (1)

Erfiðara kann að reynast að ná síðara markmiðinu þar sem miðað er við alla í aldurshópnum en ekki einungis tennna. Sýnt hefur verið fram á að í flestum tilfellum eru þeir sem segjast vera með 10 eða fleiri tennur í hvorum gómi með 20 eða fleiri tennur í biti (2). Samkvæmt niðurstöðum postkönnunar sem gerð var árið 2000 af Guðjóni Axelssyni, Elinu Sigurgeirsdóttur og Sigrúnu Helgadóttur voru 16,9% 65 ára og eldri Íslendinga með 10 eða fleiri tennur í hvorum gómi, marktækt fleir ($p < 0,01$) karlar en konur (tafla 1). Marktækur munur ($p < 0,001$) var á hlutfalli þeirra sem voru með 10 eða fleiri tennur í hvorum gómi eftir því hvort þeir voru 65 – 79 ára eða attræðir og eldri (mynd 2). Hlutfall þeirra sem voru

Tafla 1. Hlutfall 18 ára og eldri Íslendinga sem höfðu 10 eða fleiri tennur í hvorum gómi árið 2000

Aldur	Karlar	Konur	Samtals
18 ára	100,0	100,0	100,0
19-24 ára	100,0	99,5	99,7
25-34 ára	99,4	99,5	99,5
35-44 ára	90,6	91,1	90,9
45-54 ára	78,1	75,0	76,3
55-64 ára	46,0	40,4	43,1
≥ 65 ára	20,4	13,6	16,9




Mynd 2. Hlutfall 65-79 ára og áttæðra og eldri Íslendinga sem höfðu 10 eða fleiri tennur í hvorum gómi árið 2000

55-64 ára árið 2000 og höfðu 10 eða fleiri tennur í hvorum gómi var 43,1%. Erfitt er að spá hve mikið þetta hlutfall lækkar til ársins 2010 þegar þeir verða 65 ára og eldri.

Frá 1985 hefur hlutfall 65 ára og eldri Íslendinga sem voru með 10 eða fleiri tennur í hvorum gómi hækkað nokkuð jafnt milli kannana (tafla 2). Aukning milli árunna 1985 og 2000 er tölfræðilega marktæk ($p < 0,001$). Mest var hækkunin frá 1995 til 2000 eða 4,9 prósentustig. Sé gert ráð fyrir að hlutfall þeirra sem eru með 10 eða fleiri tennur í hvorum gómi hækki álika hratt frá 2000 til 2010 og milli árunna 1995 og 2000 verða 26-27% 65 ára og

Tafla 2. Þeir sem voru 65 ára og eldri og höfðu 10 tennur eða fleiri í hvorum gömi 1985 (3), 1990 (4), 1995 (5) og 2000 flokkaðir eftir kyn.

Ár	Karlur		Konur		Samtals	
	n	%	n	%	n	%
1985	36	8,5	15	2,9	51	5,4
1990	59	12,8	33	6,4	92	9,4
1995	73	17,2	37	7,6	110	12,0
2000	104	20,4	74	13,6	178	16,9



Mynd 3. Hlutfall 65 ára og eldri Íslendinga sem höfðu 10 eða fleiri tennur í hvorum gömi 1985 (3), 1990 (4), 1995 (5) og 2000 og áætlað hlutfall fyrir árin 2005 og 2010.

eldri Íslendingar með 10 eða fleiri tennur í hvorum gömi árið 2010 (mynd 3).

Heilbrigðisáætlun til ársins 2010 var samþykkt á Alþingi í maí 2001. Áætlunin er þó til litils ef ekki eru jafnframt gerðar tillögur og valdar leiðir til þess að leitast við að ná settu marki. Yfirvöld heilbrigðismála hafa þó ennþá ekki kynnt slíkar áætlunir.

Sú ákvörðun Tryggingastofnunar ríkisins að endurgreiða ellilífeyrisþegum að hluta kostnað við að lata draga úr sér tennurnar og fá sér heilgóma en neita þeim um endurgreiðslu sem kjósa að halda tönnum sínum og fylla upp í skörðin með föstum uppbyggingum hlýtur að orka tvímælis. Eitt er vist að slíkar reglur stuðla ekki að því að forgangsverkefni í heilbrigðisáætlun til ársins 2010 um tannheilsu 65 ára og eldri náist.

Hér virðist einna helst sem hægri höndin viti ekki hvað sú vinstri aðhefst.

Þakkir

Verkefnið styrktu Tannlæknafélag Íslands, Rannsóknasjóður Háskóla Íslands, tannlæknadeild Háskóla Íslands, Aðstoðarmannasjóður Háskóla Íslands, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið og Lionsumdæmið á Íslandi, söfnunarsjóður Rauðu fjaðrarinnar. Styrktaraðilum öllum færur við okkar bestu þakki.

Síðast en ekki sist þökkum við þeim fjölmörgu sem eyddu tíma og lögðu á sig fyrirhöfn við að svara spurningalistanum.

Heimildir

1. Eliasson S. Caries decline among Icelandic children. *J Dent Res*, 1992, 71(5), Abstract no. 38.
2. Axelsson G, Helgadóttir S. Comparison of oral health data from self-administered questionnaire and clinical examination. *Community Dent Oral Epidemiol* 1995, 23: 365-8.
3. Axelsson G, Cauley-Croft D. Breytingar á tannheilsu Íslendinga 1985-2000. Það er alangi. Tannheilsa Íslendinga árið 1985. Reykjavík: Tannlæknafélag Íslands, 1988.
4. Axelsson G, Helgadóttir S. Breytingar á tannheilsu Íslendinga 1985-2000. Annar alangi. Tannheilsa Íslendinga árið 1990. Reykjavík: Háskólaútgáfan, 1993.
5. Axelsson G, Þorsson H, Sæmundsson SR. Breytingar á tannheilsu Íslendinga 1985-2000. Þriðji alangi. Tannheilsa Íslendinga 65 ára og eldri árið 1995. Reykjavík: Tannlæknaungvistofnun, 1999.

Alheimsmarkmið Federation Dentaire Internationale fyrir árið 2000. Tókst að ná settum markmiðum á Íslandi?

Guðjón Axelsson, tannlæknir

Sigrún Helgadóttir, reiknifræðingur

Elin Sigurgeirsdóttir, tannlæknir

Inngangur

Federation Dentaire Internationale (FDI) setti fram sex alheimsmarkmið um tannheilsu fólks og hvatti aðildarlönd sín til að stefna að því að ná þeim fyrir árið 2000. Fimm markmiðin: 5-6 ára, 12 ára, 18 ára, 35-44 ára og 65 ára og eldri voru valdir og markmið valið til þess að keppa að fyrir hvern á húsið. Lögð var áhersla á mikilvægi þess að fylgjast reglulega með breytingum á tannheilsu aldurs- hópanna (1). Þannig fást upplýsingar um tannheilsu hópanna og nýmið miðar að ná settu marki. Slik gögn eru einnig forsenda þess að unnt sé að spá fyrir um breytingar á tannheilsu og tala til ný rannhæf markmið til þess að keppa að.

Samkvæmt fyrsta alheimsmarkmiði FDI fyrir árið 2000 attu 50% 5-6 ára barna að vera með allar sínar tennur óskemmdar (1). Ekki er vitað hversu hátt hlutfall íslenskra 5-6 ára barna var án tannskemmda árið 2000. Hins vegar voru árið 1986 3,6% sex ára barna með allar fullorðins- tennur neilar, 17% 1991 og 47,5 % árið 1996 (2).

Samkvæmt öðru alheimsmarkmiði FDI fyrir árið 2000 attu DMFT hjá þeim sem voru 12 ára ekki að vera hærra en 3 (1). Áætla má að þetta markmið hafi náðst á Íslandi þar sem DMFT 12 ára barna var 6,6 1986, 3,4 1991 og 1,5 1996 (2).

Efni og aðferðir

Í postkönnunum sem gerð var árið 2000 var meðal annars kannaður fjöldi tanna og niðri tannleysis hjá 18 ára, 35-44 ára og 65 ára og eldri Íslendingum. Könnunin var hluti af fjórða og síðasta afanga stærtra rannsóknarverkefnis, *Breytingar á tannheilsu Íslendinga 1985-2000*.

Tvær spurningar voru notaðar til þess að afla upplýsinga um fjölda tanna

1. Ert þú ennþá með eigin tennur?

... Já ... Nei

2. Se svarið jákvætt, hversu margar eigin tennur hefur þú?

Fjöldi tanna í efri gómi? ...

Fjöldi tanna í neðri gómi? ...


Folk var beðið um að telja tennurnar fyrir framan spegil þar sem lýsing væri göd. Í leiðbeiningum var tekið fram að niðurbrotnar tennur, þar sem einungis rötin var eftir, skyldu ekki taldar með. Væri um fasta brú að ræða skyldu einungis stöðtennur (þær tennur sem halda brunn) taldar með. Þeir sem voru með eina tönn eða fleiri töldust tennir. Þeir sem voru með 28 fullorðinstennur eða fleiri töldust hafa allar fullorðinstennurnar.

Úrtökum, vali á úrtökum, gagnasöfnun og svarhlutfalli hefur verið lýst (3).

Niðurstöður


Samkvæmt þriðja alheimsmarkmiði FDI attu 85% þeirra sem voru 18 ára árið 2000 að vera með allar fullorðins- tennur (1). Það markmið náðist á Íslandi þar sem 87,2% 18 ára Íslendinga voru með 28 tennur eða fleiri árið 2000.

Samkvæmt fjórða alheimsmarkmiði FDI attu tíðri tannleysis hjá þeim sem voru 35-44 ára árið 2000 að hafa minnkað um 50% frá því sem hún var árið 1980 (1). Ekki er vitað hvert hlutfalli tannlausra 35-44 ára Íslendinga var árið 1980. Se gert ráð fyrir að tannleysi hafi minnkað álika hratt frá 1980 til 1985 og milli árunna 1985 og 1990 hafa u.þ.b. 12% 35-44 ára Íslendinga verið tannlausir árið 1980. Samkvæmt fjórða alheimsmarkmiði FDI attu því ekki meira en u.þ.b. 6% í 35-44 ára aldurshópnum að vera tannlausir árið 2000. Það markmið náðist á Íslandi þegar árið 1990 (mynd 1).



Mynd 1. Hlutfall 35-44 ára Íslendinga sem voru tannlausir 1985 (5), 1990 (6), 1995 (7) og 2000. Áætlun fyrir árið 1980.


Samkvæmt fjórða alheimsmarkmiði FDI áttu enn fremur yfir 75% einstaklinga í 35-44 ára aldurshópnum að hafa minnst 20 tennur í bita árið 2000 (1). Það ár voru 90,9% 35-44 ára Íslendinga með 10 eða fleiri tennur í hvorum gömi. Ekki var marktækur munur á hlutfalli karla (90,6%) og kvenna (91,1%). Sýnt hefur verið fram á að í flestum tilfellum eru þeir sem segjast vera með 10 eða fleiri tennur í hvorum gömi með 20 eða fleiri tennur í bita (4). Svo virðist að þegar árið 1990 hafi u.þ.b. 75% 35-44 ára Íslendinga verið með minnst 20 tennur í bita (mynd 2).



Mynd 2. Hlutfall 35-44 ára Íslendinga sem voru með 10 eða fleiri tennur í hvorum gömi 1985 (5), 1990 (6), 1995 (7) og 2000.

Samkvæmt fimmta alheimsmarkmiði FDI átti tíðni tannleysis hjá þeim sem voru 65 ára og eldri árið 2000 að hafa minnkað um 25% frá því sem hún var árið 1980 (1). Ekki er vitað hve margir 65 ára og eldri Íslendingar voru

tannlausir árið 1980. Hlutfall tannlausra í aldurshópnum lækkaði um 5,5 prósentustig frá 1985 til 1990, um 7,7 prósentustig frá 1990 til 1995 og um 9,2 prósentustig frá 1995 til síðustu aldamóta. Se gert ráð fyrir að tannleysi hafi minnkað alika hratt frá 1980 til 1985 og milli aranna 1985 og 1990 hafa rúmlega 80 % Íslendinga sem voru 65 ára og eldri árið 1980 verið tannlausir. Samkvæmt fimmta alheimsmarkmiði FDI fyrir árið 2000 áttu því ekki meira en u.þ.b. 60% 65 ára og eldri Íslendinga að vera tannlausir árið 2000. Það hefur því tekist að ná fimmta alheimsmarkmiðinu á Íslandi (mynd 3). Haldi hlutfall tannlausra 65 ára og eldri Íslendinga áfram að lækka jafn hratt næstu 10 árin hefði verið raunhæft að keppa að því að hlutfall tannlausra í þessum aldurshópi verði komið niður fyrir 40% árið 2010.



Mynd 3. Hlutfall 65 ára og eldri Íslendinga sem voru tannlausir 1985 (5), 1990 (6), 1995 (7) og 2000. Áætlun fyrir árin 1980, 2005 og 2010.

Samkvæmt fimmta alheimsmarkmiði FDI skulu enn fremur yfir 50% tenntra 65 ára og eldri Íslendinga hafa minnst 20 tennur í bita árið 2000. Um síðustu aldamót voru 37,5% tenntra 65 ára og eldri Íslendinga með 10 eða fleiri tennur í hvorum gömi. Það er því ljóst að ekki tókst að ná því markmiði að yfir 50% tenntra 65 ára og eldri Íslendinga hefðu minnst 20 tennur í bita árið 2000.

Umræða

Upplýsinga um fjölda tanna og tíðni tannleysis má afla með því að skoða slembiurtak, með spurningalista eða póstkönnun. Klínísk skoðun er tímafrelk, dýr, þörf er sérstakrar aðstöðu, tækja, þjálfunar og samhæfingar rannsakenda. Sýnt hefur verið fram á að unnt er að afla áreiðanlegra upplýsinga um fjölda tanna og tíðni tann-

leysis með póstkönnun (4,8,9) og þar sem rannsóknarfé var af skornum skammti var sú leið valin.

Svarhlutfall var 65,5% hjá þeim sem voru 18 ára, 68,6% í 35-44 ára aldurshópnum og 66,1% hjá þeim sem voru 65 ára eða eldri sem telst viðunandi í póstkönnun. Þegar tíðni tannleysis er könnuð er hátt svarhlutfall mikilvægt þar sem hlutfall tannlausra er hærra hjá þeim sem hafa þátttöku heildur en hjá þátttakendum (10). Því má gera ráð fyrir að tíðni tannleysis sé eitthvað hærra heldur en kemur fram í niðurstöðum. Þá er hætta á því að í póstkönnunum sé hluti svaranna rangur annað hvort vegna þess að sá sem svarar veit ekki rétta svarið eða hann gefur visvitandi rangt svar, þa venjulega til þess að fegra ástandið (11). Areiðanlegra upplýsinga um tíðni tannleysis ($k=0,99$; $p<0,001$) hjá Íslendingum má þó afla með póstkönnun (4).

Árið 2000 voru allir 18-34 ára Íslendingur tenntir. Haldi tíðni tannleysis áfram að lækka jafn hratt í 35-44 ára aldurshópnum og frá 1985 til 2000 verður þess ekki langt að biða að tannleysi heyri einnig sögunni til hjá 35-44 ára Íslendingum.

Ánægjulegt er hve hlutfall tannlausra hefur lækkað frá 1985 til 2000 hjá þeim sem voru 65 ára og eldri þrátt fyrir að heilbrigðisfyrirvöld hafi óbeint stuðlað að því að ellilífeyrisspegar láti draga úr sér tennurnar. Hér er átt við þá ákvörðun TR að endurgreiða örorku- og ellilífeyrisþegum að hluta útgjöld vegna tanndráttar og gervitannasmiði en ekki útgjöld vegna smiði á föstum tannqervum þott þeirra sé þörf til þess að unnt sé að halda eigin tönnum. Að minnsta kosti er erfitt að skilja hvernig slík ákvörðun stuðlar að bættri tannheilsu aldraðra og öryrkja.

Samkvæmt sjötta alheimsmarkmiði FDI var hvatt til þess að komið yrði upp kerfi til þess að fylgjast með breytingum á tannheilsu (1). Þannig fast ekki aðeins upplýsingar um ástandið eins og það er hverju sinni heldur gerir það kleift að geta sér til um hugsanlegar breytingar á tannheilsu. Tvö slík kerfi hafa verið til hér á landi. Fylgst hefur venð með tíðni tannáttu í fullorðinstöðnum 6, 12 og 15 ára barna og unglina (2) og hins vegar breytingum á tannheilsu 18 ára og eldri Íslendinga. Allt of lítið er vitað

um tannheilsu fullorðinna. Póstkannanir gefa takmarkaðar upplýsingar og eina klíniska könnunin á tannheilsu fullorðinna Íslendinga var gerð 1962 (12).

Þakkir

Verkefnið styrktu Tannlæknafélag Íslands, Rannsóknasjóður Háskóla Íslands, tannlæknadeild Háskóla Íslands, Aðstoðarmannasjóður Háskóla Íslands, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið og Lionsumdæmið á Íslandi, söfnunarsjóður Rauðu fjaðrarinnar. Styrktaraðilum öllum færur við okkar bestu þakkir.

Síðast en ekki sist þökkum við þeim fjölmörgu sem eyddu tíma og lögðu á sig fyrirhöfn við að svara spurningalistanum.

Heimildir

1. Ananias J. The monitoring process and its importance for achievement of the global goals for oral health by the year 2000. *Int Dent J* 1983; 33: 79-89.
2. Eðsson SP. Lækkun á tíðni tannáttu í fullorðinstöðnum hjá börnunum og unglingum á Íslandi. *Tannlæknablaðið* 2002; 20: 19-24.
3. Axelsson G, Helgadóttir S. Gæði tannlæknisþjónustu á Íslandi. *Tannlæknablaðið* 2002; 20: 31-35.
4. Axelsson G, Helgadóttir S. Comparison of oral health data from self-administered questionnaire and clinical examination. *Community Dent Oral Epidemiol* 1995; 23: 365-8.
5. Axelsson G, Castenberg DJ. Breytingar á tannheilsu Íslendinga 1985-2000. Fyrsti afangur. Tannheilsa Íslendinga árið 1985. Reykjavík: Tannlæknafélag Íslands, 1988.
6. Axelsson G, Helgadóttir S. Breytingar á tannheilsu Íslendinga 1985-2000. Annar afangur. Tannheilsa Íslendinga árið 1990. Reykjavík: Háskólaútgáfan, 1993.
7. Axelsson G, Þorsson H, Samundsson SR. Breytingar á tannheilsu Íslendinga 1985-2000. Þriðji afangur. Tannheilsa 35-44 ára Íslendinga árið 1995. Reykjavík: Tannlæknisgjastofnun, 1998.
8. Widström L, Nilsson B. Dental health and perceived treatment needs of Finnish immigrants in Sweden. *Scand J Soc Med* 1984; 12: 129-136.
9. Kötönen M, Lipasti J, Murtomaa H. Comparison of dental information obtained from self-examination and clinical examination. *Community Dent Oral Epidemiol* 1986; 14: 258-260.
10. Norlen P, Johansson I, Birkened D. Impact of medical and life-style factors on number of teeth in 68-year-old men in southern Sweden. *Acta Odontol Scand* 1996; 54: 56-74.
11. Sjostrom O, Holst D, Lind SO. Validity of a questionnaire survey: the role of non-response and incorrect answers. *Acta Odontol Scand* 1999; 57: 242-246.
12. Dunbar JB, Møller P, Wolff AR. A survey of dental caries in Iceland. *Archs Oral Biol* 1968; 13: 571-581.

aldraðir og öryrkjar

Fjöldi þeirra er eiga rett á endurgreiðslu vegna tannlæknakostn.

	67+	Öryrkjar	Alls
2003	30.166	11.505	41.671
2002	29.715	10.443	40.158
2001	29.219	9.780	38.999
2000	28.704	9.329	38.033
1999	28.219	8.673	36.892
1998	27.757	7.980	35.737
1997	27.022	7.776	34.798
1996	26.487	7.577	34.064
1995	26.021	7.175	33.196
1994	25.514	6.540	32.054
1993	24.972	5.963	30.935
1992	24.471	5.352	29.823
1991	24.029	5.056	29.085
1990	23.519	4.646	28.165

Fjöldi þeirra er hafa nýtt sér endurgreiðslur vegna tannlæknakostn.

	67+	Nota. FR	% nýta	Öryrkjar	Nota. FR	% nýta	Alls			
2003	30.166	10.208	33,8%	11.505	5.791	50,3%	41.671	15.999	38,4%	
2002	29.715	9.499	32,0%	10.443	5.157	49,4%	40.158	14.656	36,5%	
2001	29.219	9.094	31,1%	9.780	4.649	47,5%	38.999	13.743	35,2%	
2000	28.704	8.581	29,9%	9.329	4.294	46,0%	38.033	12.875	33,9%	
1999	28.219	7.887	27,9%	8.673	3.702	42,7%	36.892	11.589	31,4%	
1998	27.757	4.891	17,6%	7.980	2.935	36,8%	35.737	7.826	21,9%	
1997	27.022	4.604	17,0%	7.776	2.758	35,5%	34.798	7.362	21,2%	
1996	26.487	4.207	15,9%	7.577	2.700	35,6%	34.064	6.907	20,3%	
1995	26.021	3.922	15,1%	7.175	2.567	35,8%	33.196	6.489	19,5%	
1994	25.514	3.473	13,6%	6.540	2.485	38,0%	32.054	5.958	18,6%	
1993	24.972		0,0%	5.963		0,0%	30.935	0	0,0%	
1992	24.471		0,0%	5.352		0,0%	29.823	0	0,0%	
1991	24.029		0,0%	5.056		0,0%	29.085	0	0,0%	
1990	23.519		0,0%	4.646		0,0%	28.165	0	0,0%	

22.10.2004
 Sigrún Þ. Þorvaldsson